

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

203. FUNDUR.

203. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 6. september árið 2012 í fundarsal Ráðhússins kl. 15:00. Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð.

Oddviti óskaði eftir að taka á dagskrá sem 8. lið; Fundagerð 134. fundar fræðsluráðs og var það samþykkt með 7 atkvæðum.

Gengið var til dagskrár.

1. Viðauki við fjárhagsáætlun ársins 2012. Skrifstofustjóri kynnti.

Lögð fram tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2012. Tillagan er að hluta til byggð á ákvörðunum sem sveitarstjórn hefur tekið á fundum sínum tímabilið 8. mars til 22. ágúst 2012. Rekstrargjöld aðalsjóðs hækka um **kr. 12.225.000**, sem skiptist niður á málaflokka skv. eftirfarandi:

- 02 Félagsþjónusta kr. 1.400.000
- 05 Menningarmál kr. 425.000
- 06 Æskulýðs- og íþróttamál kr. 400.000
- 10 Umferðar og samgöngumál kr. 2.200.000
- 13 Atvinnumál kr. 1.400.000
- 21 Sameiginlegur kostnaður kr. 6.400.000.

Meðfylgjandi er nánari sundurliðun og skýringar.

Rekstrargjöld eignasjóðs hækka um **kr. 2.000.000**, rekstrargjöld vatnsveitu hækka um **kr. 1.500.000** og rekstrargjöld hitaveitu hækka um **kr. 400.000**. Rekstrargjöld A og B hluta hækka því um **kr. 16.125.000**. Framlög Jöfnunarsjóðs hækka um **kr. 5.400.000** og fjármagnstekjur aðalsjóðs hækka um **kr. 19.400.000** sem er að stærstum hluta vegna afskrifta Landsbankans á láni vegna stofnfjárbréfa. Heildartekjur hækka því um **kr. 24.800.000** Rekstrarniðurstaða A og B hluta batnar því um **kr. 8.675.000** og verður að teknu tilliti til afskrifta **kr. 18.584.000**. Til fjárfestinga er varið **kr. 590.000** hjá aðalsjóð, **kr. 1.100.000** hjá eignasjóði og **kr. 800.000** hjá vatnsveitu eða samtals til fjárfestingar **kr. 2.490.000**. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

2. Hafnarreglugerð. Síðari umræða. Oddviti kynnti

Lögð var fram eftirfarandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða Hafnarreglugerð fyrir Hvammstangahöfn.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Reglugerð fyrir Tónlistarskóla Húnaþings vestra. Síðari umræða. Oddviti kynnti.

Lögð var fram eftirfarandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða Reglugerð fyrir Tónlistarskóla Húnaþings vestra.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Samþykkt um fráveitur í Húnaþingi vestra. Síðari umræða. Oddviti kynnti

Lögð var fram eftirfarandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða Samþykkt um fráveitur í Húnaþingi vestra.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Samþykkt um hunda- og kattahald í Húnaþingi vestra. Síðari umræða. Oddviti kynnti.

Lögð var fram eftirfarandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða Samþykkt um hunda- og kattahald í Húnaþingi vestra.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6. Samþykkt um rotþrær og siturlagnir fyrir Húnaþing vestra. Síðari umræða. Oddviti kynnti.

Lögð var fram eftirfarandi tillaga: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða Samþykkt um rotþrær og siturlagnir fyrir Húnaþing vestra.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

7. Kosningar. Fulltrúi B-lista bar fram eftirfarandi tillögu að skipan í fræðsluráð Anna Birna Þorsteinsdóttir verði fulltrúi B-lista í fræðsluráði sem aðalmaður í stað Valdimars Gunnlaugssonar og Gunnar Ægir Björnsson til vara. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Sveitarstjórn þakkar Valdimar Gunnlaugssyni fyrir vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins.

8. Fundargerð fræðsluráðs, formaður fræðsluráðs kynnti

Fundargerð 134. fundar fræðsluráðs frá 5. september s.l. Fundargerð í 3 liðum.. Borin fram eftirfarandi tillaga vegna 2. dagskrárliðar „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela sveitarstjóra, fræðslu- og félagsmálastjóra og formanni fræðsluráðs að leita eftir því við eigendur Reykjatanga ehf. að ráðist verði í heildarendurskoðun á samningi félagsins og Húnaþings vestra um rekstur Skólabúða að Reykjum í Hrutafirði.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

9. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri fór yfir störf sín frá síðasta reglulega fundi sveitarstjórnar þann 14. Júní s.l.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 16:10

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Böðvarsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Rakel Runólfsdóttir

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari